

Aldraðir í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð
20. nóvember 2014
Velferðarráðuneytið



Málefni aldraðra

- » Afmörkun verkefnis og sjónarhorn
 - Aldraðir í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum á öllu landinu
 - Hjúkrunarrými á daggjöldum en ekki föstum fjárlögum
 - Tvö sjónarhorn:
 - a. annars vegar út frá þeim sem njóta þjónustunnar
 - b. hins vegar út frá þeim sem veita þjónustuna



Meginmarkmið verkefnisins

- Að gera kynjaáhrifin sýnileg á hjúkrunarheimilum í þeim tilgangi að bregðast við og endurmóta stefnur, útgjöld og tekjuöflun í samræmi við jafnréttismarkmið.



Háleitt jafnréttismarkmið


- » Gætt að jafnrétti kynjanna við ákvaðanatöku um útdelingu fjármuna og veitingu þjónustu.
- » Hugað að mismunandi áhrifum ákvarðana á líf skjör og velferð aldraðra þannig að ekki halli á annað hvort kynið.
- » Stuðlað að breytingu á viðhorfum í garð starfa á hjúkrunarheimilum sem kvennastarfa og jafnri skiptingu kynjanna við umönnun aldraðra meðal aðstandenda.



- » Helstu upplýsingalindir voru:
 - Gagnagrunnar ráðuneytisins
 - Tryggingastofnun ríkisins
 - Embætti landlæknis
 - Hagstofan
 - Sjúkraflutningaskólinn
 - RAI gagnagrunnur
 - Aðalnámsskrá framhaldsskóla
 - Launakerfi ríkisins
 - Spurningakönnun sem lögð var fyrir stjórnendur hjúkrunarheimila (2012)



Sjö heilbrigðisumdæmi



Hjúkrunarrými – umfang og fjöldi

- » Í janúar 2014 var:
 - Fjöldi almennra hjúkrunarrýma á landinu 2439.
 - Fjöldi hjúkrunarrýma sem verkefnið náði til 2093.
 - Fjöldi hjúkrunarheimila sem verkefnið náði til 43


- » Öll hjúkrunarrýmin í heilbrigisumdæmi Vestfjarða féllu utan verkefnisins þar sem hjúkrunarrýmin þar heyra undir heilbrigðisstofnun sem er á föstum fjárlögum en fær ekki greiðslur með daggjöldum.



HELSTU NIÐURSTÖÐUR



Fjöldi hjúkrunarrýma og reiknuð þörf (2014)



Öldruðum fer fjölgandi


- » Í janúar 2013 var hlutfall 67+ 11% af íbúafjölda landsins er verður 23% árið 2060 samkvæmt spá Hagstofu Íslands.
- » Þar af voru karlar 46% og konur 54% (jan. 2013).

Ár	2013		2020		2030		2040		2050		2060	
	Fjöldi	Hltf.	Fjöldi	Hltf.	Fjöldi	Hltf.	Fjöldi	Hltf.	Fjöldi	Hltf.	Fjöldi	Hltf.
Íbúafjöldi	321.857	100%	345.066	100%	375.256	100%	399.724	100%	419.860	100%	435.106	100%
Samtals 67+	36.002	11%	45.363	13%	63.452	17%	77.561	19%	88.830	21%	98.479	23%
Karlar 67+	16.520	5%	21.549	6%	30.622	8%	37.136	9%	42.724	10%	47.288	11%
Konur 67+	19.482	6%	23.814	7%	32.830	9%	40.425	10%	46.106	11%	51.1911	12%



Ellilífeyrir frá TR – Áhrif tekjutengingar meiri á karla

- Á sama tíma og öldruðum íbúum fjölgar fækkar þeim hlutfallslega sem fá greiðslur frá TR
- Fleiri konur en karlar fá ellilífeyri.
- Tekjutengingar ellilífeyris hafa meiri áhrif á karla en konur þar sem karlar hafa hærri tekjur annars staðar frá.



Greiðslur íbúa – karlar greiða meira


- » Karlar greiða að meðaltali hærra mánaðargjald fyrir hjúkrunarrými en konur sem sýnir að þeir hafa yfirleitt hærri tekjur. Sá munur var 18% árið 2014.
- » Hærra hlutfall kvenna en karla greiðir ekkert - eða 52% kvenna á móti 40% karla.

ÁR	Meðalgreiðslur	Karlar	Konur	Mismunur
2012	44,1	46,9	42,7	10%
2013	51,2	55,6	49,1	13%
2014	48,4	53,9	45,7	18%



Lífslíkur og ólifuð meðalævi

- » Lífslíkur kvenna eru meiri en karla – 83,9 ár á móti 80,8 árum
- » Ólifuð meðalævi kvenna er lengri en karla og jafnast það ekki út fyrr en um og eftir 95 ára aldur.



Biðtími kvenna lengri - Þörf karla meiri

- » Meðalbiðtími var reiknaður þannig að meðalbiðtími hvers dags ársins var lagður saman og svo deilt í með fjölda daga á ári.
- » Meðalbiðtími styst jafnt og þétt á síðustu árum eða um 43% á árabílinu 2009 til 2013, þ.e. úr 206 dögum í 118
- » Almennt biðu konur lengur en karlar eftir hjúkrunarrými
- » Meðalþörf karla á biðlista er í flestum tilvikum metin meiri.
- » Hærra hlutfall karla flytur inn á hjúkrunarheimili fyrir 80 ára aldur (42% kk vs 28% kvk)
- » Hjúkrunarþyngd karla var að meðaltali hærri en kvenna (1,05 á móti 1,02 árið 2012).
- » Hlutfallslega fleiri karlar létust á biðlistanum áður en þeir fengu úthlutað hjúkrunarrými



Dvalartími á hjúkrunarheimili (2012)


- » Lengd dvalar íbúa hefur áhrif á biðtíma þeirra sem bíða
- » 45% kvenna og 37% karla höfðu dvalið þrjú ár eða lengur.
- » Hlutfallslega fleiri einstaklingar utan höfuðborgarsvæðisins (45%) höfðu dvalið þrjú ár eða lengur á hjúkrunarheimilum en á höfuðborgarsvæðinu (39%)

RAI	Höfuðborgarsvæðið			Utan höfuðborgarsvæðis		
	Karlar	Konur	Hlutfall	Karlar	Konur	Hlutfall
Minna en 1 ár	89	140	16%	88	119	17%
1–2 ár	229	399	44%	189	287	38%
3–4 ár	78	173	18%	88	153	19%
5–6 ár	37	69	7%	45	77	10%
7–8 ár	16	74	6%	25	56	7%
Meira en 9 ár	28	82	8%	37	75	9%



Starfsfólk

- » 26 hjúkrunarheimili svöruðu
- » 90% starfsfólks konur
- » Á fjórum heimilum störfuðu einungis konur
- » **Faglærðir stjórnendur á meðal karla hlutfallslega fleiri**
- » **Hlutfall karla í hópi starfsfólks hækkar eftir því sem laun hækka**



Samantekt á niðurstöðum

- » Konur, hvort sem er í hlutverki íbúa eða starfsfólks bera minna úr bótum en karlar og umönnun lendir frekar á kvenkynsaðstandendum aldraðra en karlkyns.
- » Ákveðið misvægi fylgir kynjunum alla ævi – allt frá því starfsævin byrjar og þar til henni lýkur sem íbúa á hjúkrunarheimili.
- » Niðurskurður á hjúkrunarheimilum hefur áhrif á fleiri konur en auknar tekjutengingar í greiðslum til ellilífeyrisþega hafa að jafnaði meiri áhrif á karla.



Fjórar aðgerðir

1. Endurskoða stefnu í málefnum aldraðra.
2. Setja skilyrði um jafnréttisáætlun í þjónustusamninga við hjúkrunarheimili.
3. Setja fram kynjamiðaða mælikvarða til að mæla framvindu árangurs í málaflokknum.
4. Samanburður á „hefðbundnum karla- og kvennastörfum“ sem nýta megi í endurmat á virði starfa.



Takk fyrir 😊

